

**Ed.**

**178. Nefndarálit**

[95. mál]

um frv. til 1. um breyting á leiklistarlögum, nr. 33 12. maí 1977.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Leiklistarlög voru sett í miklum flýti vorkvöld nokkurt árið 1977. Er því skiljanlegt að gera þurfi breytingar á þeim lögum.

Stjórnarfrumvarp, sem nú er til meðferðar um breytingu á leiklistarlögum, felur í raun aðeins í sér eitt efnisatriði: að tryggja að fjárveitingar Alþingis nái til tiltekinnna atvinnuleikhúsa, auk þeirra, sem nú eru talin upp í 2. gr. leiklistarlaga. Við 1. umræðu málsins kom fram, að hér er fyrst og fremst átt við Alþýðuleikhúsið. Minni hlutinn telur þó rétt að breyta fleiru og flytur brtt. á sérstöku þskj. Skal nú gerð grein fyrir þeim.

Meðal sígildrar listar, sem flutt er á leiksviði, er söngleikur eða ópera. Leiklist í þrengstu merkingu, tónlist og danslist sameinast allt í flutningi óperu. Íslendingar eiga á þessu sviði hóp mjög góðra og vel menntaðra listamanna. Þessi listgrein, íslensk óperustarfsemi, hefur þó orðið útundan. Ákvæði í þjóðleikhúslögum um ráðningar söngvara eru ekki framkvæmd og starfsemi söngvara er að engu getið í leiklistarlögum. Nýlega hefur hópur okkar bestu söngvara stofnað félag í þeim tilgangi að setja upp og flytja óperur. Félagið hefur nú þegar unnið mikið og fórnfúst starf í listgrein sinni. Mikill áhugi er nú á söngnámi. Um 90 nemendur eru t. d. í Söngskólanum. Má því búast við, að senn verði tilbúinn til starfa nokkur hópur nýrra, vel menntaðra söngvara.

Fyrri breytingartillaga mín gerir ráð fyrir að stuðningur við óperustarfsemi rúm-ist innan ramma leiklistarlaga. Að visu er vandséð, hvernig skilja má á milli leiklistar og óperulistar, en með breytingu í þessa átt væru tekin af tvímæli.

Einnig er lagt til, að leiklistarráð verði lagt niður. Ekki er ástæða til að starfsemi þess sé lögbundin og ríkisstyrkt. Réttara væri að nota peningana til þess í raun að miðla almenningi í landinu þeirri list, sem lögnum er ætlað að efla.

Til vara er lagt til, að felld verði út úr lögnum, að leiklistarráð eigi „að stuðla að stefnumótun í leiklist á hverjum tíma“. Þetta ákvæði var mörgum þingmönnum þyrnir í augum, þegar löggin voru sett, enda samrýmist það engan veginn hugmyndum um sjálfsagt frelsi í menningarmálum.

Alþingi, 14. des. 1978.

Ragnhildur Helgadóttir.